

# Annar fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 18. febrúar 2016 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Gísli Guðmundsson og Halldór Jónsson.

Katrín ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Álagning fasteignagjalda 2016 og afsláttur til eldri borgara. **Samþykkt að hafa 50% afslátt á eldri borgara af íbúðarhúsnæði.**
2. Verkefnið Betra ljós, ljósleiðaraverkefni sveitarfélagsins. **Oddviti fór yfir stöðuna. Oddvita falið að undirbúa það sem eftir er að leggja.**
3. Styrkbeiðni frá N4 vegna sjónvarpsþátta. **Hafnað að svo stöddu.**
4. Kostnaður vegna yfirferðar á brunavarnarmöppu. **Ákveðið að uppfæra brunavarnir. Áætlaður kostnaður um 200.000,- samþykkt samhljóða. Gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.**
5. Fræðsluferð sveitarstjórnarfulltrúa og embættismanna af Vesturlandi. **Málið skoðað.**

Mál í vinnslu.

6. Breiðablik, farið yfir stöðuna.
7. Farið yfir fund með öðrum sveitarfélögum sem eiga í Laugargerðisskóla sem haldinn var 3 febrúar 2016.
8. Skýrsla til oddvita, stjórnarsýsluskoðun KPMG vegna 2015 lögð fram. **Farið yfir ábendingar.**
9. Breytingar á pósthjónustu í dreifbýli. **Hreppsnefnd harmar fyrirhugaða skerðingu þjónustu í dreifbýli og skorar á Íslandspóst að endurskoða afstöðu sína.**

Lagt fram til kynningar:

10. Fundargerðir stjórnar SSV
11. Fundargerðir Sorpurðunar Vesturlands
12. Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands.
13. Staðgreiðsluuppgjör vegna 2015 lagt fram
14. Ályktun stjórnar Heimils og skóla frá 11. febrúar og varðar niðurskurð í leik og grunnskólum landsins.
15. Fundarboð Ferðamálastofu vegna Þróunarverkefnis um endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna Borgarnesi 8. mars 2016
16. Bréf frá Umboðsmanni barna dagsett 4. febrúar 2016.
17. Fundargerð 79. stjórnarfundar FSS 16022016

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )  
Gísli Guðmundsson ( sign )  
Atli Sveinn Svansson ( sign )  
Eggert Kjartansson ( sign )